



178. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 15. október kl. 9:15

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Sigurlaug Svavarsdóttir í forföllum Ragnars Bjarnasonar og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Fræðslunefndar frá 5.10.2015
2. Ferðaþjónustan Brekka ehf. – breyting á rekstrarleyfi
3. Erindi frá Snæbirni Kristjánssyni o.fl.
4. Holtakot í Þingeyjarsveit – umsókn um stofnun lóðar
5. Undirbúningsvinna við lagningu ljósleiðara – staða mála

1. Fundargerð Fræðslunefndar frá 5.10.2015

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 5. október s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 6 liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

2. Ferðaþjónustan Brekka ehf – breyting á rekstrarleyfi

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 23. júní s.l. þar sem Reynir Baldur Ingvason, forsvarsmáður fyrir Ferðaþjónustuna Brekku, sækir um breytingu á rekstrarleyfi til sölu gistingar að Brekku í Þingeyjarsveit vegna viðbótar á tveimur sumarhúsum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á rekstrarleyfinu fyrir sitt leyti.

3. Erindi frá Snæbirni Kristjánssyni o.fl.

Fyrir fundinum liggur erindi dags. 29. september s.l. sem er sáttartillaga til sveitarstjórnar frá Snæbirni Kristjánssyni og fleirum varðandi Litlulaugaskóla í Reykjadal og er hún svo hljóðandi:

„Sveitarstjórn skuldbindur sig til að endurskoða á næstu tveimur árum fyrirkomulag reksturs grunnskóla í sveitarfélaginu. Við þá endurskoðun verði m.a. tekið tillit til eftirfarandi þátta: Þróun barnafjölda í einstökum sveitarhlutum.

Mögulegum tengslum grunnskólans við Framhaldsskólann á Laugum.

Möguleikum á nýtingu þeirra íþróttá- og tómstundaaðstöðu sem fyrir hendi er á Laugum.

Möguleikum á samnýtingu skólaakstur fyrir grunnskóla og framhaldsskóla.

Mati á rekstrarkostnaði eins skóla af hagkvæmri stærð, samanborið við rekstur tveggja skóla í stóru og viðhaldsfreku húsnæði.

Í framhaldi af þessari endurskoðun og opinni umræðu við íbúa um skólamál verði mörkuð stefna til framtíðar í skólamálum sveitarfélagsins.“

Undirritaðir: Freydís Anna Arngrímsdóttir, Ari Teitsson, Sigurlaug Svavarsdóttir, Friðgeir Sigtryggsson, Konráð Erlendsson, Kári Steingrímsson, Ingi Tryggvason og Snæbjörn Kristjánsson.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjórn þakkar erindið og bendir á að þær breytingar sem gerðar hafa verið á skólahaldi í sveitarfélaginu frá síðustu sveitarstjórnakosningum byggja á kosningastefnu A-listans sem birt var fyrir kosningar og er því framtíðarstefna sveitarfélagsins í skólamálum.

Hún hlýtur alltaf að taka mið af þróun barnafjölda í sveitarfélaginu.

Í henni er horft til tengsla grunnskólans við Framhaldsskólann á Laugum.

Í henni er horft til notkunar íþróttá- og tómstundaaðstöðu sem fyrir hendi er á Laugum.

Sveitarstjórn er reiðubúin til að skoða möguleika á samnýtingu skólaaksturs fyrir grunnskóla og framhaldsskóla.

Það er stefna sveitarstjórnar að frekari breytingar á skipulagi skólahalds í sveitarfélaginu þjóni ekki heildarhagsmunum íbúa og telur óeðlilegt að hún skuldbindi sig til að hverfa frá markaðri stefnu nú á fyrri hluta kjörtímabils og vandséð hvaða sátt er fólgin í því.

Sveitarstjórn hafnar því erindinu.

Tillaga oddvita samþykkt með með fimm atkvæðum fulltúra A-lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa T-lista.

Fulltrúar T-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Það er skoðun T-lista að samþykkja eigi og skrifa undir sáttartillögu þá sem fyrir liggur enda er það skoðun T-lista að raunveruleg framtíðarstefna í skólamálum Þingeyjarsveitar sé varla fyrir hendi.

4. Holtakot í Þingeyjarsveit – umsókn um stofnun lóðar

Tekið fyrir erindi dags. 5. október s.l. frá Þórhalli Ragnarssyni þar sem hann sækir um heimild til að stofna sérstaka lóð undir rofahús út úr landi Holtakots. Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá og hnitsettur lóðaruppráttur frá Eflu verkfræðistofu á Akureyri.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

5. Undirbúningsvinna við lagningu ljósleiðara – staða mála

Á fundi sveitarstjórnar 26. mars s.l. var samþykkt að ráða verkefnastjóra til að vinna útboðsgögn vegna ljósleiðaralagningar í sveitarfélaginu. Nú hefur verkefnastjóri skilað sinni vinnu og fundað með stýrihópi vegna ljósleiðaravæðingar sem sveitarstjórn skipaði 4. júní s.l.

Sveitarstjórn þakkar verkefnastjóra, Snorra G. Sigurðssyni fyrir vel unnin störf og mun það efni sem hann hefur skilað af sér gagnast afar vel þegar verkefnið kemst á útboðsstig. Staðan í verkefninu er hins vegar þannig að margir möguleikar hafa verið skoðaðir en rétt þykir á þessu stigi að hinkra eftir stefnumótun Alþingis um framkvæmd átaksverkefnis um ljósleiðaravæðingu alls landsins en sveitarstjórn gerir sér vonir um að slík stefnumótun liggi fyrir hjá Alþingi nú á haustþingi.

Til kynningar:

- a) Fundargerð aðalfundar SSKS frá 25.09.2015

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:32

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sigurlaug Svavarsdóttir